



## A 1726/presidiet

**Flytjandi** Flokkahópur jafnaðarmanna  
**Afgreiðsla** Forsætisnefndin

**Þingmannatillaga um norræn áhrif og samstarf við G20****Tillaga**

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

*að hún samræmi og skipuleggi aðgerðir sem leiða til norrænna áhrifa og samstarfs við G20-hópinn. Þetta skuli gert í samráði við aðila vinnumarkaðarins.*

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna

*að þær samræmi og skipuleggi aðgerðir sem leiða til norrænna áhrifa og samstarfs við G20-hópinn. Þetta skuli gert í samráði við aðila vinnumarkaðarins.*

**Forsaga**

Á undanförunum árum hefur fjörug umræða átt sér stað um hlutverk norræns samstarfs í æ róstuþri heimi, ekki síst áhrif þess og samstarf við G20-rikin. Þetta var meðal þess sem Norðurlandaráð ræddi á fundi sínum í september 2016 í Stokkhólmi undir yfirskriftinni „Rödd Norðurlanda í heiminum – Norðurlönd og G20“.

Tilfni umræðunnar var meðal annars væntanleg seta Svía í Öryggisráði SP og hvernig Norðurlöndin gætu beitt sér frekar fyrir frið og öryggi í heiminum. Hugmyndin um aukin norræn áhrif og samstarf við G20 fékk góðar undirtektir í umræðunni.

Stjórn Norræna verkalýðssambandsins samþykkti þann 11. maí 2016 stöðuskýrslu með áskorun um að samstarf við G20 verði aukið. Í stjórninni sitja fulltrúar 16 verkalýðssambanda í norrænu löndunum fimm með 9 milljónir félagsmanna. Í stöðuskýrslunni stendur m.a.:

1. Vægi G20 hefur aukist á alþjóðavettvangi. Þess má t.a.m. sjá merki í efnahagskreppu síðustu missera og erfiðleikum alþjóðasamfélagsins við að ná samstöðu í marghliða samningaviðræðum. Fyrir tilvernað G20 eru æ oftar teknar óformlegar ákvarðanir áður en hinar ólíku alþjóðastofnanir komast að formlegu samkomulagi.



Þetta þýðir að lönd utan G20 hafa minni áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru. Það gildir einnig um ríki Norðurlanda, sem hvert og eitt uppfyllir ekki skilyrði til að tilheyra G20. Samanlagt mynda Norðurlönd hins vegar 12. stærsta hagkerfi heims. Til að öðlast aukin áhrif þurfa Norðurlönd því að leita sem fyrst eftir samstarfi við G20.

2. Frá árinu 2008 hefur sú breyting orðið að ráðamenn (þjóðhöfðingjar og ríkisstjórnir) ríkjanna sem mynda G20 funda með reglulegum hætti. Með því átti að freista þess að ná tökum á fjármálakreppunni, endurheimta traust, koma í veg fyrir djúpa efnahagslægð og stuðla að sjálfbærum hagvexti. Í hnattrænu samhengi þá standa þjóðir G20 fyrir 85% af vergri landsframleiðslu heimsbyggðarinnar og u.þ.b. 80% af öllum heimsviðskiptum. Aukið vægi G20 hefur haft í för með sér að G20 hefur gegnt æ viðameira hlutverk í stjórn efnahagsmála á heimsvísu. Það hefur þýtt að G20 fæst ekki lengur eingöngu við vandamál af efnahagslegum eða fjármálalegum toga, málefni á borð við atvinnuþátttöku, fjárfestingar, fæðuöryggi, umhverfismál, loftslagsmál og orkumál eru fastur liður á dagskránni. Þetta endurspeglar það erfiða úrlausnarefni að finna árangursríkar lausnir í sífellt flóknara alþjóðlegu og fjölþjóðlegu stofnanaumhverfi. Samhliða þessu hefur átt sér stað ákveðinn viðsnúningur á viðtekinni hugsun; vægi ýmissa alþjóðastofnanna hefur minnkað samhliða því að áhrifa óformlegs þjóðasamstarfs á borð við G20 hefur aukist. Þetta eykur mikilvægi þess að eiga samstarf við G20.

3. Aðildarríki G20 hafa lýst samstarfinu sem „the premier forum for our international economic cooperation“, lýsing sem í sjálfu sér vekur upp spurningar um umboð og lögmæti samstarfsins. Skilgreininguna má hins vegar skilja í ljósi þess breiða markmiðs hópsins að skilgreina á frumstigum sameiginleg markmið og ná samstöðu um hvernig megi ná þeim. Það felur í sér tækifæri og aukna möguleika á að ná samstöðu og geta þannig komið ákveðnum aðgerðum í framkvæmd á vettvangi alþjóðastofnana, sem og á vettvangi einstakra ríkja. Afstaða og ákvarðanir G20-ríkjanna hafa mikil áhrif á dagleg störf margra alþjóðastofnanna og áhrifamátt þeirra.

4. Rík hefð er fyrir virkri þátttöku Norðurlanda í alþjóðastofnunum. Staða Norðurlanda sem áhorfanda á fundahöld fulltrúa G20-ríkjanna, þar sem þau hvert fyrir sig eru ekki gjaldgeng sem aðilar að samstarfinu, þýðir að þau hafa ekki bein áhrif á niðurstöðuna. Norræn hagkerfi þykja á sama tíma vera afar árangursrík og til mikillar fyrirmyndar í alþjóðlegu samhengi; norræna módelinu er oft og einatt lýst sem góðu dæmi um samfélagsmódel sem geti betur en flest önnur kerfi tekist á við kreppur. Sú staða felur í sér tækifæri til að leggja fram uppbyggilegar hugmyndir um sjálfbæran hagvöxt og bætta samkeppnisstöðu í samstarfi G20-ríkjanna.

5. Vel skipulagt hagkerfi í bland við vöxt, samkeppnishæfi og félagslegt öryggi vekur athygli og forvitni. Norræna módelið hefur sýnt fram á að hægt er að samræma hagvöxt og samkeppnishæfi með umfangsmiklu velferðarkerfi og efnahagslegu jafnrétti. Það á einnig við um lítil og opin hagkerfi þar sem utanríkisviðskipti eru mikilvæg.

Þetta á ekki síst við þegar settar eru leikreglur í alþjóðaviðskiptum. Mikilvæg forsenda þessa er að taka mið af faglegum félagslegum réttindum og mann-



réttindum. Önnur mikilvæg forsenda er að alþjóðleg viðskipti og fjárfestingar skuli stuðla að velferð, félagslegum framförum og fullri atvinnuþátttöku. Af þessum sökum er sérlega mikilvægt fyrir Norðurlönd að taka þátt í alþjóðasamstarfi til þess að ná sameiginlegum markmiðum þeirra og auka norrænar áherslur á annars vegar sjálfbærar hagvöxt og samkeppnishæfi og hins vegar á félagslega vernd og reglur sem standa vörð um lýðræðisleg grundvallarréttindi.

6. Norræna samningamódelið, sem felur í sér að leikreglur á vinnumarkaði eru að miklu leyti ákveðnar í gegnum heildarkjarasamninga er einnig einstakt, jafnt í evrópsku sem alþjóðlegu samhengi. Það hefur, með árangursríkum hætti, stuðlað að vexti og aukinni atvinnu á Norðurlöndum sem og dregið úr tekjumismunun. Mikilvægur hluti módelins og virkni þess er samstarf og samtal á milli aðila vinnumarkaðarins. Mikil þátttaka í verkalýðs- og stéttarfélögum, styrkur og sjálfstæði aðila vinnumarkaðarins, víðtækir kjarasamningar og uppbyggilegt samstarf á milli aðila vinnumarkaðarins eru nauðsynlegar forsendur stöðugleika, fyrirsjáanleika og friðar á vinnumarkaði. Módelið, sem gefur ríka möguleika til að aðlagast og bregðast við endurskipulagningu og öðrum breytingum, nýtur virðingar á alþjóða vísu. Norðurlönd hafa ítrekað vakið athygli fyrir getu sína til þess að geta betur en flest önnur svæði brugðist við og ráðið við hagsveiflur. Aðilar vinnumarkaðarins hafa ákveðin áhrif á G20 í gegnum Labor-20 (L20) og Business 20 (B20). Í krafti þeirrar löngu norrænu hefðar að finna uppbyggilegar lausnir á sameiginlegum vandamálum með samvinnu og aðkomu allra aðila, ætti rödd Norðurlanda að heyrast í gegnum L20 og B20.

7. Norðurlönd njóta virðingar og þykja til fyrirmyndar vegna þess árangurs þau hafa náð. Þar fyrir utan höfum við allar forsendur til þess að taka þátt í sameiginlegu alþjóðasamstarfi á borð við G20. Á alþjóðavettvangi eru Norðurlönd skilgreind sem einn samhentur hópur sem „hugsar eins, hefur sameiginleg markmið og styður sömu hluti“. Samanlögð landsframleiðsla Norðurlanda kemur þeim í hóp 12 stærstu hagkerfa heimsins. Þ.a.l. ætti sameiginleg rödd Norðurlanda að heyrast við G20 borðið og áhrifa þeirra að gæta í ákvörðunum G20. Það myndi styrkja efnahagsstöðu heimsins og leiða til félagslegrar og sjálfbærrar þróunar.

Tillöguna um norræn áhrif og samstarf við G20 ber að skoða í ljósi þess að ríkisstjórnir Norðurlandanna hafa falið vinnuhópi að kanna hvernig Norðurlöndin geta beitt sér sameiginlega á vettvangi G20.

Stokkhólmi, 3. apríl 2017



*Annette Lind (S)*  
*Emilia Töyrä (S)*  
*Erkki Tuomioja (sd)*  
*Eva Sonidsson (S)*  
*Henrik Dam Kristensen (S)*  
*Irene Johansen (A)*  
*Jorodd Asphjell (A)*  
*Karen J. Klint (S)*  
*Kjell-Idar Juvik (A)*  
*Lars Mejern Larsson (S)*

*Lennart Axelsson (S)*  
*Maarit Feldt-Ranta (sd)*  
*Oddný Harðardóttir (A)*  
*Phia Andersson (S)*  
*Pyry Niemi (S)*  
*Rikard Larsson (S)*  
*Ruth Mari Grung (A)*  
*Sonja Mandt (A)*  
*Suzanne Svensson (S)*  
*Tony Wikström (ÅSD)*